| | |
|---|---|
| **Kennari:**<br>Hrönn Guðmundsdóttir<br>Sandra Sif | **Kennslufyrirkomulag:**<br>Verkleg og bókleg kennsla í stofu |
| **Tímafjöldi:**<br>6 kennslustundir á viku | **Bekkur:**<br>3. - 4. bekkur |

| **Vísindi og rökhugsun** |
|---|
| Hugsunarháttur barna breytist mikið á fyrstu árum skólagöngunnar. Skilningur þeirra á orsökum og afleiðingum eykst og þau byrja að vera færari á að beita rökhugsun við að meta aðstæður eða fyrirbæri og komast að niðurstöðu. Þessi smiðjan vinnur að því að styrkja þessa færni í gegnum leiki og þrautir ásamt miklum umræðum. Nemendur velta fyrir sér ýmsum aðstæðum og reyna að beita rökhugsun til þess að komast að niðurstöðu. Svo eru hlutirnir sannreyndir.<br>Horft er til vísindalæsis og mikilvægi þess ásamt því að læra á vinnubrögð greinarinnar þar sem rannsóknarferlin byggjast að mestu á rökhugsun. |

| **Vísindi og rökhugsun** | | | |
|---|---|---|---|
| Námsþættir: | Námsefni: | Hæfniviðmið:<br>*Að nemandi geti:* | Leiðir: |
| | | **Náttúrufræði:**<br>- sýnt frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða ákveðin málefni.<br>- tjáð sig um ólík sjónarmið sem tengjast málefnum daglegs lífs.<br>- í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.<br>- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nærumhverfi<br>Náttúra<br>Tilraunir | Köngulær<br>Útprent efnið frá kennara<br><br>Smásjá<br>Annar efniviður úr náttúru-fræðistofu | - sagt frá einföldum athugunum úti og inni.<br>- tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.<br>- skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.<br>- hlustað á og rætt hugmyndir annarra.<br>- útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt.<br><br>**Skólafærni:**<br>- hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.<br>- notað algengan orðaforða sem við á og tengist umfjöllunarefni hverju sinni.<br>- unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.<br>- leitað upplýsinga í námi á ólíkum miðlum.<br>- Sýnir virðingu og kurteisi í samskiptum. | Hópavinna<br>Einstaklingsvinna<br>Sýnikennsla<br>Athuganir/tilraunir<br>Leiðsögn<br>Samvinna<br>Samskipti |
| **Námsmat:** | Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps. | | |

**Námsmat**

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

| | |
|---|---|
| ★ | Framúrskarandi |
| ✓ | Hæfni náð |
| ◇ | Á góðri leið |
| ○ | Þarfnast þjálfunar |
| L | Lokið |
| Ó | Ólokið |
| U | Undanþága |